

Guðbjörg Pétursdóttir



Guðbjörg Pétursdóttir fæddist í Hraundal, Nauteyrarhreppi 28. mars 1920. Hún lést á Akranesi 13. júní 2010.

Foreldrar hennar voru hjónin Sigríður Jónsdóttir frá Bolungavíkurseli, f. 10.11. 1893, d. 30.3. 1984, og Pétur Friðriksson frá Dröngum á Ströndum, f. 18.6. 1887, d. 9.9. 1979. Hún er næstelst 6 systkina sem upp komust, Guðmundur, f. 26.2. 1917, d. 16.5. 1960, Jóhannes, f. 3.8. 1922, d. 5.9. 2000, Friðrik, f. 9.4. 1924, d. 30.7., 2009, Matthías, f. 22.8. 1926, Jón, f. 27.1. 1929, d. 31.10. 1997.

Guðbjörg giftist 14. apríl 1945 Gunnari Guðjónssyni, f. 29.5. 1917. Foreldrar hans voru Guðjóna Sigríður Halldórsdóttir, f. 22.5. 1890, d. 26.8. 1961, og Guðjón Guðmundsson, f. 5.2. 1890, d. 8.11. 1971 á Eyri, Ingólfsfirði.

Börn Guðbjargar og Gunnars eru: 1) Sigríður, f. 1945, gift Sveini Torfa Þórólfsyni, f. 5.9. 1945, þeirra dóttir Guðbjörg, f. 4.8. 1967, d. 17.4. 2001, maki Hans Jakob Jakobsen, f. 28.5. 1964, þeirra börn Sigrid, f. 7.3. 1993, og Håkon, f. 17.1. 1996. 2) Ásdís, f. 26.3. 1948, maður Ísak Ahsan, f. 29.10. 1943, d. 24.9. 1999, skildu, þeirra börn Selma, f. 6.12. 1973, Ómar Gunnar, f. 28.6. 1975, Jónas Hassan, f. 27.12. 1979, Jósep Saban, f. 2.3. 1982. 3) Guðrún Anna, f. 2.7. 1949, gift Ásgeiri Gunnari Jónssyni, f. 29.11. 1948. Þeirra börn Kristín Guðrún, f. 9.5. 1969, gift Sigurði Sigurpórssyni, f. 26.9. 1967. Dætur þeirra Sunneva Ýr, f. 17.9. 1998, og

Guðrún Hrönn, f. 5.7. 2004. Erla Ósk, f. 30.9. 1977, í sambúð með Róbert Bragasyni, f. 21.2. 1978, Gunnar, f. 12.7. 1982, í sambúð með Ólöfu Ásgeirsdóttur, f. 4.8. 1989. 4) Helga, f. 22.5. 1952, gift Sigtryggi Karlssyni, f. 15.9. 1949. Börn þeirra Karl, f. 3.8. 1984, í sambúð með Elínu Jakobsdóttur, f. 14.11. 1986, og Ásdís, f. 18.11. 1987.

Fjölskylda Guðbjargar bjó fyrst í Hraundal flutti síðan til Skjaldarbjarnarvíkur 1922 og þaðan í Reykjarfjörð á Ströndum 1935. Guðbjörg var tvo og hálfan mánuð í barnaskóla fermingarvorið. Hún lærði sauma í Reykjavík 1937-1938. Veturinn 1939-1940 var hún í Reykjaskóla í Hrutafirði og einnig var hún í Húsmæðraskólanum að Laugalandi í Eyjafirði 1943-1944. Guðbjörg og Gunnar bjuggu á Eyri við Ingólfsfjörð fram yfir 1970 en fluttu í Kópavog og bjuggu þar til 2000 en þá fluttu þau á Akranes. Þau fluttu á Dvalarheimilið Höfða árið 2006 þar sem Guðbjörg lést.

Guðbjörg vann við síldarsöltun og annað sem tengdist síldarverksmiðjunni á Djúpavík en síðar voru það heimilisstörf og rækjuvinnsla meðan hún bjó á Eyri. Í Kópavogi vann hún við fiskvinnslu og aðra matvælavinnslu.

Útför Guðbjargar fer fram frá Akraneskirkju í dag, 22. júní 2010, og hefst athöfnin kl. 14.

[22. júní 2010](#) | Minningargreinar |

Þegar við kveðjum mömmu streyma minningarnar fram. Minningar bæði úr æsku og einnig fram á þennan dag. Mamma bjó við heilsubrest síðustu misserin og því kom andlát hennar ekki á óvart en söknuðurinn er eigi að síður sár.

Mamma var fædd á heiðarbýlinu Hraundal í Nauteyrahreppi og átti þar heima til tveggja ára aldurs. Þá urðu afi og amma fyrir því að missa megnið af fjárstofni sínum í miklu fárviðri. Þetta var mikið áfall, þau missa jörðina og ákveða í kjölfar þess að flytjast búferlum til Skjaldarbjarnarvíkur í Árneshreppi en afi hafði átt hlut í henni. Í fardögum 1922 leggja þau af stað frá Hraundal til Skjaldarbjarnarvíkur sem leið lá yfir Drangajökul með það litla sem þau áttu, fáeinar kindur og búshluti á sleða. Amma var komin 8 mánuði á leið með sitt fjórða barn, Guðmundur elsti bróðir mömmu þá fimm ára og mamma tveggja ára. Þeim til fylgdar var fósturbróðir afa, Eiríkur frá Dröngum. Þegar komið var á jökulinn fór veður versnandi og ákveðið að snúa við aftur í Hraundal enda skall á blindhríð. Biðin eftir að komast aftur af stað vegna veðurs varð hálfur mánuður.

Mamma upplifði miklar samfélagsbreytingar í sínu lífi. Hún hefði svo sannarlega kunnað að meta þau tækifæri sem ungu fólki býðst í dag til að mennta sig. Hún lagði áherslu á að við, dætur hennar, fengjum tækifæri til menntunar og voru foreldrar okkar samstiga í því viðhorfi. Um leið þýddi það að við fórum fyrr að heiman og oft voru kveðjustundirnar erfiðar þegar haldið var af stað í skóla fjarri heimabyggð.

Mamma var einstaklega lág í höndum og hafði gaman af öllu handverki. Hún saumaði og prjónaði mest af okkar fatnaði langt fram á unglingsárin. Þegar um fór að hægjast á efri árum

fór hún að skera út í gler, vinna klippimyndir og taumálun. Hún fór á listsýningar og hafði sérstakt dálæti á listaverkum kvenna. Við eigum allar falleg verk eftir mömmu. Mamma var mjög vel gefin kona og hefði náð langt ef hún hefði haft möguleika sem fólk hefur í dag. Hún var hrein og bein í öllum sínum samskiptum við alla sem hún mætti á lífsleiðinni.

Henni datt aldrei í hug að mismuna fólki, alveg sama hver þar átti í hlut. Hún bar umhyggju fyrir þeim sem minna máttu sín í þjóðfélaginu og tók þeirra málstað.

Hún var sérstaklega nán Guðmundi elsta bróður sínum og voru þau mjög samrýnd. Var það henni mikill missir þegar hann dó rúmlega fertugur að aldri.

Mamma undi sér vel á Hlíðarveginum og þar var hún ánægðust. Hún elskaði garðinn og undi sér þar öllum stundum á sumrin og var garðurinn alltaf mjög fallegur hjá henni. Hún fór þaðan með söknuði þegar heilsan fór að bila og hún talaði oft um Hlíðarveginn og söknuðinn yfir að hafa orðið að yfirgefa hann. Það var alltaf gott að koma til mömmu og pabba á Hlíðarveginn.

Ef sérð þú gamla konu, þá minnstu
móður þinnar,
sem mildast átti hjartað og þyngstu
störfin vann
og fórnaði þér kröftum og fegurð
æsku sinnar
og fræddi þig um lífið og gerði úr
þér mann.
(Davíð Stefánsson)

**Mamma, hafðu þökk fyrir allt.
Sigríður, Ásdís, Guðrún og Helga.**

Það er sárt að horfa á eftir fólki sem maður virðir og þykir vænt um. Þó er enn verra að þurfa að horfa á eftir því inn á óravegu gleymsku og þagnar. Hjá okkur er enn hið líkamlega hulstur sem hrörnar og deyr en sálin er löngu flogin í firrð sem enginn skilur. Guðbjörg Pétursdóttir var óvenju velgerð og -gefin kona. Stálminnug og áreiðanleg í hvívetna, holl vinum sínum og fjölskyldu, sómamanneskja til orðs og æðis. Hún varð níræð nú í vor en var í reynd búin að yfirgefa heiminn okkar þótt líkaminn dveldi enn um sinn í ríki lifenda. Sjúkdómurinn Alzheimer hafði rænt henni frá ástvinum hennar og venslafólki alllöngu fyrir bókað dánardægur. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast Guðbjörgu tengdamóður minni meðan hún var í fullu fjöri andlega og líkamlega. Mér hefur síðan oft orðið hugsað til þess hvert hefði getað orðið hennar lífshlaup ef hún hefði fengið þau tækifæri til mennta sem hæfði vitsmunum hennar og mannkostum. Sá æviþráður var aldrei spunninn. Hún varð því fangi aðstæðna sem svo algengar voru á fyrri hluta síðustu aldar og fjötruðu konur við börn og bú. Hvað sú mismunun að gefa konum ekki tækifæri til jafns við karla hefur kostað samfélag okkar verður seint reiknað til aura eða annars afla. En fólk getur gert sér það í hugarlund þegar samfélag okkar riðar til falls eftir áratuga ráðskap og stjórnun karla. Ef

mannkostakvenna á borð við Guðbjörgu Pétursdóttur hefði hér notið væri samfélag okkar ekki í því fari sem raun ber vitni.

Haf þú Guðbjörg heila þökk fyrir viðkyrninguna, góðmennskuna og veitulan beina úr brunnum reynslu og vitsmuna.

Sigtryggur Karlsson.

Elskuleg amma okkar er fallin frá rétt rúmlega níraæð. Það er mikill missir fyrir okkur en við erum afar þakklát fyrir allar yndislegu stundirnar og góðu minningarnar sem við eigum um hana, þá sérstaklega úr barnæsku okkar. Amma var mikil hagleikskona. Hún dekraði við allt í kringum sig, bæði fólk og hluti. Það var alltaf notalegt í kringum hana ömmu okkar og staðirnir og húsin sem hún og afi bjuggu í mestan part ævinnar voru sveipuð ævintýraljóma. Á Eyri við Ingólfsfjörð var allt frekar frumstætt og framandi. Öll verksmiðjuhúsin og sagan sem fylgir staðnum gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn. Gamli sveitasíminn var enn í notkun þar þegar við vorum börn og það var æði freistandi að liggja á línunni og hlusta á sveitungana, en amma var ekki hrifin af þeirri skemmtun okkar. Heimilið á Eyri var orðið að einskonar sumardvalarstað þegar við vorum börn enda algjör sælureitur. Við krakkarnir fengum að leika lausum hala á Eyrinni og leika okkur með allt það sem rak á fjörunnar og þegar degi tók að halla var amma ávallt búin að reiða fram ljúffengan fisk fyrir svanga krakka. Það var oft freistandi að stelast í búrið hennar ömmu enda alltaf góðgæti þar að finna. Við eigum líka yndislegar minningar úr stóra húsinu við Hlíðarveginn með fallega garðinum sem amma hafði ræktað; beljuskinnið á veggnum og Picasso- og Van Gogh-eftirprentanirnar á veggjunum, sem vöktu margar spurningar þegar við sáum verkin í sjónvarpinu og héldum að einhver hefði stolið málverkunum hennar ömmu, seglarnir á ísskápnum, skáparnir sem hægt var að skríða á milli undir súðinni og kompan með öllu gamla dótinu. Þetta var svo sannarlega spennandi staður fyrir litla krakka að kanna. Við dvöldumst oft á Hlíðarveginum um jól sem börn og jólakakan hennar ömmu og köld mjólk er minning sem mun seint gleymast. Þessar minningar um ömmu okkar og margar fleiri eru okkur dýrmætar og við munum geyma þær í hjörtum okkar um alla ævi.

Við kveðjum þig, amma, með
söknuð í hjarta,
en minning um faðmlag og brosið
þitt bjarta.
Allar liðnar stundir um þig okkur
dreymi
og algóður Guð á himnum þig geymi.
(Sigfríður Sigurjónsdóttir)

Kristín, Erla og Gunnar.

Elsku amma mín, mér þykir sárt að þurfa að kveðja þig, en það huggar mig þó að vita að þér líður betur núna.

Ég á líka svo ótrúlega margar góðar minningar um þig til að hlýja mér við. Ég man hversu ótrúlega gaman það var að fá að koma í heimsókn á Hlíðarveginn, sem var eins og risastórt ævintýrahús í augum okkar barnabarnanna. „Skógurinn“ var endalaus og fullur af ævintýrum og húsið sjálft fullt af leynistöðum og leyndarmálum og þið afi voruð alltaf til staðar til að setja plástur á sárið, kyssa á bágtið eða lauma einhverju að svöngum og þreyttum landkönnuðum. Ég man þegar ég fékk að hjálpa þér með garðinn fyrir norðan, en plönturnar þar léku í höndunum á þér, eins og allt annað. Það var alltaf pláss fyrir mann í Sunnuhlíðinni og alltaf var jafngott að koma til ykkar á Hjarðarholtinu, þú hafðir alltaf allan heimsins tíma til að tala við mann, varst alltaf svo stolt af öllu sem maður gerði og hafðir óþrjótandi áhuga á hverju því sem kom lífi manns við.

Ég á svo marga fallega muni sem þú málaðir, saumaðir eða fönðraðir handa mér amma, alltaf lék allt í höndunum á þér og þykir mér ótrúlega vænt um að eiga þessa muni nú, seinasta myndin sem þú gerðir handa mér hangir yfir rúminu mínu, og mun hún gera það áfram, til minningar um þig.

Ég er svo þakklát fyrir að þú hafir verið hjá okkur jafnlengi og raun ber vitni, ég er svo þakklát fyrir að eiga svona margar góðar og hlýjar minningar um þig og ég er svo þakklát fyrir að hafa getað eytt síðustu dögum þínum með þér. Síðast en alls ekki síst er ég svo óendanlega þakklát fyrir það að ég skuli hafa átt jafn frábæra, duglega, hlýja, yndislega og fallega konu eins og þig fyrir ömmu.

Ég á alltaf eftir að sakna þín. Þín Ásdís.
